

Breyting á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 5. desember 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Hábrún ehf. um breytingu á hvíldartíma eldissvæðis í Skutulsfirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um breytingu á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði, Matsskyldufyrirspurn. Hábrún ehf. – Rorum. desember 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ dags. 10. febrúar 2023,
- Fiskistofu dags. 2. janúar 2023,
- Hafrannsóknastofnun dags. 5. janúar 2023,
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 12. janúar 2023,
- Matvælastofnun dags. 4. janúar 2023,
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 3. Janúar 2023,
- Umhverfisstofnun dags. 6. Janúar 2023.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 26. janúar 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Hábrún ehf. hefur starfs- og rekstrarleyfi til framleiðslu á 700 tonnum af regnbogasilungi og þorski í sjókvíum í Skutulsfirði. Fyrirtækið hefur skilað inn umsókn til Matvælastofnunar um tegundabreytingu á nógildandi rekstrarleyfi yfir í regnbogasilung, frjóan lax og ófrjóan lax. Auk þess áformar Fjarðareldi ehf. fyrirtæki í eigu Hábrúnar, eldi á 200 tonnum af frjóum laxi og regnbogasilungi innan Skutulsfjarðar. Fyrirhuguð framkvæmd felst í styttingu á hvíldartíma eldissvæðis í Skutulsfirði úr 12 mánuðum niður í 3 mánuði. Eldissvæði Hábrúnar er skipt í þrjá álíka stóra reiti, þar sem tveir eru í notkun á hverjum tíma og einn í hvíld. Flatarmál eldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði er 1,32 km². Kvíar Hábrúnar eru um 800 m frá landi og er dýpi undir þeim frá 20-25 m, eða að meðaltali 22 m og dýpkar frá þeim til austurs. Mesta dýpi austan við kvíarnar er um 30 m. Innsta kvíin er rétt rúman kílómetra frá Eyrinni. Ekki verða notuð nein koparauðug efni til gróðurvarna á netpokum heldur verða netpokar þrífir nokkrum sinnum á ári með háþrýstipvottavél.



4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hábrúna ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Ástand sjávar og lífríki á hafsbotni

Fyrir liggur mat á burðarþoli Hafrannsóknastofnunar um mat fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi. Samkvæmt mati á burðarþoli Ísafjarðardjúps er hámarkslífmassi fiskeldis talinn 30.000 tonn.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að kvíarnar séu um 800 m frá landi og dýpi undir þeim að meðaltali 22 m. Mesta botndýpi á milli Arnarness við mynni Skutulsfjarðar og eyrarinnar er um 30 m en við mynni Skutulsfjarðar er dýpið um 17 m. Utan við mynni Skutulsfjarðar dýpkar fljótt niður í 100 m. Niðurstöður vöktunar hafa sýnt að lífrænt álag á botndýralíf við kvíarnar sé staðbundið og afturkræft¹. Straumar, hitastig og selta séu viðunandi fyrir fiskeldið. Lítil hætta sé á skaða vegna þörungna. Við framleiðslu á 650 tonna lífmassa sé fóðurnotkun um 780 tonn. Magn köfnunarefnis sé 54,6 tonn og fosfórs 7,8 tonn. Um 33,8 tonn af köfnunarefni, 5,5 tonn af fosfór og 397,8 tonn af kolefni munu berast út í umhverfið og af því um 75,6 tonn af kolefni í föstu formi. Eldisferill hvernar kynslóðar mun taka 18-24 mánuði og í lok þess tíma verða eldissvæði hvíld í 90 daga áður en ný kynslóð verður sett út. Hvíld eldissvæða sé til að stuðla að minni röskun á vistkerfi fjarðarins, að botndýralíf undir kvíum hafi möguleika á endurnýjun og minnka líkur á súrefnisþurrð við botn. Verði útsetning seiða metin óheimil eftir hvíld eldissvæðisins, mun fyrirtækið bregðast við og leita ráðgjafar Umhverfisstofnunar. Fyrirtækið gerir sér grein fyrir þessari áhættu og ber ábyrgð að uppfylla kröfu eftirlitsstofnana.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að vegna nálægðar eldissvæðanna hvert við annað og hve grunnt er niður á botn, sé mjög mikilvægt að botninn sé hvíldur nægilega lengi. Vöktun fyrirtækisins, sbr. vöktunaráætlun, hafi sýnt að lífrænt álag sé sýnilegt á svæðum þar sem framleiðsla sé í hámarki og þar séu botndýrasamfélög undir álagi vegna uppsöfnunar lífrænna efna. Vegna nálægðar svæðanna og mögulegrar dreifingar lífrænna efna inn á svæði í hvíld telur Umhverfisstofnun óvissu ríkja um áhrif á botndýralíf vegna fyrirhugaðrar styttingar. Álag á svæði eftir 12 mánaða hvíld hafi þó verði í samræmi við væntingar vöktunaraðila árið 2021.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin telur breytingu á hvíldartíma verulega. Slíkri breytingu fylgir óneitanlega aukning á umsvifum fiskeldisins hverju sinni, og þar með álag á umhverfið sem starfsemin valdi. Í tilkynningunni er vísað til þess að vöktun á ástandi sjávarbotns hafi hingað til ekki bent til þess að lífræn mengun sé að valda neikvæðum áhrifum nema á mjög staðbundinn hátt. Það útiloki ekki að aukið umfang starfseminnar geti haft meiri, hraðari og víðtækari áhrif.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að breytingin sem tilkynnt er um felur í sér mikla styttingu á hvíldartíma eða frá 12 mánuðum í 3 mánuði. Að mati Hafrannsóknastofnunar er ekki nægilega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum af þessari miklu styttingu meðal annars m.t.t. mengunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknir og vöktun hafi staðið yfir við eldissvæði Hábrúna í Skutulsfirði í um 20 ár. Vöktunaráætlun framkvæmdaraðila byggir á því að tryggt sé að nákvæmlega sé fylgst með breytingum á botni í tengslum við fiskeldi fyrirtækisins. Hvíld sé forsenda þess að botn geti náð ásættanlegu ástandi. Nákvæmlega sé farið yfir losun lífrænna efna, fóðurs og skíts út í umhverfið. Rök fyrir styttingu hvíldartíma sé að ekki liggja fyrir nein gögn sem benda til þess að þörf sé á á lengri hvíldartíma og að með nákvæmu eftirliti sé vel hægt að bregðast við ef

¹ Þorleifur Eiríksson, Þorgerður Þorleifsdóttir og Þorleifur Ágústsson. 2019b. *Vöktun við sjókvíar Hábrúna í Skutulsfirði, Grunnýnataka eftir hvíld. RORUM 2021*



stytting hafi aukin neikvæð áhrif á umhverfið. Fyrirtækið mun hinsvegar bregðast við ef 90 dagar teljast ekki nægir og þá í samstarfi við Umhverfisstofnun. Hábrún sé fullkomlega ljóst að ef niðurstöður vaktana bendi til að 90 dagar sé ekki næg hvíld þá þurfi fyrirtækið að bregðast við líkt og áður segir.

Sjúkdómar og sníkjudýr

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að heilbrigði eldisfisks hérlendis hafi verið mjög gott. Nýrnaveiki hafi verið sá sjúkdómur sem valdið hafi mestum skaða, en flestir sjúkdómar í eldi hérlendis séu vegna bakteríusýkinga. Nýrnaveikissmit virðist vera landlægt í villtum laxi en ekki hafi komið upp smit í eldi síðan árið 2020. Þeir fisksjúkdómar sem einkum hafa komið upp í laxeldi eru nýrnaveiki, sveppasýkingar, laxalús og grálús (fiskilús). Í Noregi sýna rannsóknir að meira finnst af laxalús á svæðum þar sem umfangsmikið eldi fari fram. Alvarlegur veirusjúkdómur hafi komið upp í laxeldi á Austfjörðum í lok árs 2021 og er það í fyrsta sinn sem sú veira greinist á Íslandi, en ekkert tilfelli hefur komið upp á Vestfjörðum. Laxalús og fiskilús eru nokkuð tíðar á villtum laxfiskum við Ísland. Það sé vel kunnugt að nýgengnir laxar í laxveiðiám landsins séu með laxalús. Rannsóknir á Vestfjörðum hafa leitt í ljós að villtir sjóbirtingar og sjöbleikjur sem voru veidd í fjörðum með og án fiskeldis voru með talsvert smit af laxalús^{2,3}. Laxalús hafi ekki enn fundist á fiski í eldi hjá Hábrún, en í ljósi þess að lús hafi greinst í Ísafjarðardjúpi fylgir Hábrún verklagsreglum skv. reglugerð um fiskeldi. Rannsóknir á laxalús hafi sýnt að hún geti ekki fjölgað sér við 3°C eða lægri hita og smittími hennar sé háður hitastigi. Gögn sýni ennfremur að smittíðni laxalúsar sé mjög lág við 5°C sem gæti þýtt að smittíðni verði lág í Skutulsfirði⁴.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að breytingin sem tilkynnt sé um feli í sér mikla styttingu á hvíldartíma eða frá 12 mánuðum í 3 mánuði. Að mati Hafrannsóknastofnunar sé ekki nægilega gerð grein fyrir umhverfisáhrifum af þessari miklu styttingu meðal annars m.t.t. sjúkdóma og sníkjudýra. Stofnunin bendir á að eldisfyrirkomulag Hábrúnar sé líklegt til þess að auka hættu á smitsjúkdómum og lúsarvandamálum þar sem svæðið sem ein heild sé aldrei í hvíld.

Í umsögn Matvælastofnunar bendir stofnunin á að með aukningu á umfangi eldis og þegar skipt verður yfir í lax þá verður ekki komist hjá því að líta á Skutulsfjörð sem eitt kynslóðarsvæði þar sem fjörðurinn sé tæmdur milli kynslóða með a.m.k. 90 daga hvíld á milli, en í dag sé Hábrún með umsókn um tegundabreytingu á núgildandi rekstrarleyfi yfir í regnbogasilung, frjóan lax og ófrjóan lax.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að stofnunin telji að stytting hvíldar eldisvæðis Hábrúnar sé ekki talin hafa í för með sér aukna smithættu vegna fiskisjúkdóma eða sníkjudýra hjá villtum laxfiskum í Skutulsfirði/Ísafjarðardjúpi umfram það sem nú er.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Hábrún hafi gert ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum styttri hvíldartíma og þá með tilliti til smitsjúkdóma og sníkjudýra. Fyrirtækið beri þá hættu sem fylgi því að vera með allt eldið á einu sjúkdómasvæði. Hábrún mun bregðast við ábendingum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar sem kunna að koma þegar mat liggur fyrir á ástandi botns/sjávar við lögbundna vöktun.

² Eva Dögg Jóhannesdóttir & Jón Örn Pálsson 2016. *Assessment of Salmon Lice infestation on Wild Salmonids in four fjord in Westfjords*. RORUM 003.

³ Eva Dögg Jóhannesdóttir 2019. *Sea lice infestation on wild salmonids in the southern part of the Icelandic Westfjords*. MSc Thesis

⁴ Dalvin, S. 2016. *Temperatures innflytelse på lakseluslarver*. Sluttrapport FHE-prosjekt 901073. Havforskningen 3.



Hljóðvist og áhrif lýsingar, loft- og efnamengunar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar bendir stofnunin á mikilvægi þess að lagt sé mat á áhrif vegna mögulegrar aukningar á annarri mengun eða truflun vegna aukins umfangs starfseminnar. Þar megi nefna hljóð- og ljósmengun, loft- og efnamengun (sem og truflun fyrir dýralíf) vegna aukinnar bátaumferðar sem þjónustar eldissvæðið og mögulega aukningu á plastmengun frá starfseminni sem getur borist í hafið.

5 Skipulag og leyfi

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

Tillaga að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum hefur verið samþykkt af svæðisráði og bíður hún staðfestingar ráðherra þegar ákvörðun þessi er skrifuð. Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði hefur því ekki tekið gildi. Fyrirhugað eldissvæði er staðsett á svæði sem skv. tillögu að strandsvæðaskipulagi er ætlað er fyrir staðbundna nýtingu og er því í samræmi við tillögu að Strandsvæðaskipulagi á Vestfjörðum.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áform um styttingu á hvíldartíma á milli eldislota í sjókvíaelði Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal taka mið af eðli hennar, meðal annars stærð og umfangi, úrgangsmyndun og samlegðar með öðrum framkvæmdum, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til þeirrar landnotkunar sem fyrir er, álagsþols strandsvæða og kjörlendis dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, samlegðaráhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Sjúkdómar og sníkjudýr

Líkt og fram hefur komið stundar Hábrún í dag ókynslóðaskipt eldi á einni staðsetningu í Skutulsfirði sem skipt er í þrjú hólf. Við núverandi fyrirkomulag er því hægt að stunda eldi samfleytt í Skutulsfirði án þess að það komi til hvíldar. Matvælastofnun tekur fram í umsögn sinni að komi til eldisaukningar eða tegundabreytingar í eldi Hábrúnar verður ekki hjá því komist en að líta á Skutulsfjörð sem svæði þar sem einungis verði hægt að vera með eina kynslóð í eldi hverju sinni og að hvíla þurfi Skutulsfjörð að lágmarki í 90 daga. Þá bendir Matvælastofnun á að stofnunin komi til með að endurskoða rekstrarleyfi Hábrúnar á næstunni.

Fyrirtækin Arctic Sea Farm og Arnarlax hafa sótt um leyfi fyrir sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi. Eitt af fyrirhuguðum eldissvæðum Arnarlax og eitt af fyrirhuguðum eldissvæðum Arctic Sea Farm eru í nokkurri nálægð við eldissvæði Hábrúnar eða innan við 5 km. Í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi skal fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila almennt vera 5 km en Matvælastofnun getur þó heimilað styttri fjarlægðir. Komi til eldis á þeim svæðum sem framangreindir aðilar stefna að mun



Matvælastofnun þurfa að veita undanþágu frá framangreindu ákvæði um lágmarksfjarlægðir milli ótengdra aðila. Samkvæmt 19. gr. reglugerðar um fiskeldi hefur Matvælastofnun heimild til að skilyrða rekstrarleyfi við samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða og að rekstrarleyfishafi vinni með öðrum rekstrarleyfishöfum á sama eða samliggjandi sjókvíaldissvæðum að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun sníkjudýra. Í núverandi rekstrarleyfi Hábrúnar kemur fram að leyfið er bundið við að leyfishafi lýsi því yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaldissvæðis komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila.

Af framangreindu má ráða að komi til þess að leyfi verði veitt fyrir styttri hvíldartíma í ókynslóðaskiptu eldi mun slík ráðstöfun eingöngu vera möguleg á meðan fyrirtækið elur regnbogasilung og þorsk í því magni sem nú er heimilað. Þá kunna mögulegar leyfisveitingar til annarra fyrirtækja að leiða til þess að taka þurfi upp kynslóðaskipt eldi.

Matvælastofnun hefur bent á að áhætta af dreifingu sjúkdóma annarra en laxalúsar úr eldisfiski í villtan fisk sé hverfandi lítil, jafnvel þó fiskur sleppi. Mesta hættan við dreifingu sjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski⁵.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð stytting á hvíldartíma eldissvæðis Hábrúnar geti leitt til aukins álags á villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og sníkjudýra. Með hliðsjón af litlu umfangi eldis telur Skipulagsstofnun að vöktun á sjúkdómum og sníkjudýrum og heimildir Matvælastofnunar skv. lögum og reglugerð um fiskeldi, þ.m.t. heimild til að fara fram á lengri hvíld eldissvæða, séu fullnægjandi til að tryggja að áhrif af völdum sjúkdóma og sníkjudýra verði ekki umtalsverð.

Skipulagsstofnun telur að tilefni sé til þess að í rekstrarleyfi verði skýrt kveðið á um heimildir til að bregðast við vegna mögulegra afleiðinga þess ef laxa- og fiskilús verði viðvarandi í eldi í Skutulsfirði, þ.m.t. möguleg hvíld fjarðarins í heild sinni, vegna smæðar hans og mikillar nálægðar eldissvæða.

Ástand sjávar og botndýralíf

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er markmið þeirra að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnasviðskerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vistfræðilegt ástand lífríkis í vatnshloti getur verið mjög gott, gott, ekki viðunandi, slakt og lélegt. Gerð er sú krafa að öll vatnshlot skuli ávallt vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi.

Skutulsfjörður er grunnur fjörður tæpir 25 km² að flatarmáli og er þröskuldur við mynni fjarðarins. Fjörðurinn skiptist í tvö vatnshlot: Skutulsfjörð ytri og Skutulsfjörð innri. Ástand Skutulsfjarðar innri er metið í óvissu vegna losunar óhreinsaðs skólps, en eldissvæði Hábrúnar eru staðsett í Skutulsfirði ytri sem ekki er talið í hættu en þar er skráð álag vegna skólpráveitu, fiskeldis auk siglinga. Eldi Hábrúnar er ólíklegt til að hafa áhrif á Skutulsfjörð innri en viðbúið að styttri hvíldartími kunni að leiða til þess að úrgangur og fóðurleifar geti safnast upp og haft áhrif á gæði vatnshlotsins Skutulsfjörður ytri.

Fyrirhugað eldi mun koma til með að fela í sér aukið álag á ástand sjávar og botndýralíf vegna þess úrgangs sem mun koma til með að falla frá eldinu vegna styttri hvíldartíma á milli eldislota. Fyrirhugað eldi er lítið að umfangi og styrkur áhrifa á flesta umhverfisþætti í samræmi við það. Viðbúið er að áhrif eldisins bætast við núverandi áhrif sem eldi Hábrúnar í Skutulsfirði hefur, þar sem fyrirhuguð stytting auki álag á botndýralíf sem nú þegar er undir álagi. Eldissvæði Hábrúnar eru staðsett í ytri hluta Skutulsfjarðar og má gera ráð fyrir að áhrif á Skutulsfjörð sem viðtaka úrgangs verði nokkur með fyrrgreindri styttingu hvíldartíma.

⁵ Matvælastofnun (2020). Greinargerð. *Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.*



Komi til þess að veitt verði leyfi fyrir styttri hvíldartíma í ókynslóðaskiptu eldi mun slík ráðstöfun eingöngu vera möguleg á meðan ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi fyrir tegundabreytingu yfir í lax eða leyfi fyrir auknu eldi.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að hvíld eldissvæða taki mið af raunástandi botndýralífs og ástandi sjávar. Til að svo megi vera þarf að vera skýrt við hvaða aðstæður heimilt er að setja út seiði og hvenær ekki. Telur Skipulagsstofnun þar af leiðandi að áður en að kemur að veitingu starfsleyfis þurfi framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um viðbrögð við því ef niðurstöður vöktunar bendi til að 90 daga hvíld sé ekki nóg.

Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að koma megi í veg fyrir umtalsverð áhrif á ástand sjávar og botndýralíf með vöktun og mögulegum viðbrögðum við niðurstöðum vöktunar, þ.m.t. einhliða frestun á útsetningu seiða af hálfu Umhverfisstofnunar reynist ástand undir kvíum ekki viðunandi.

Skipulagsstofnun telur að í starfsleyfi eigi að setja skýr ákvæði um fyrirkomulag vöktunar sjávar og botndýralífs, hvernig samráði við Umhverfisstofnun skuli vera háttað í aðdraganda útsetningar seiða sem og hvaða viðmið skulu lögð til grundvallar við ákvörðun um tímasetningu útsetningar.

Önnur áhrif

Ytrihluti Skutulsfjarðar þar sem eldissvæði Hábrúnar er staðsett einkennist af hafsækinni starfsemi, þar sem umferð skemmtiferðaskipa og smærri báta er fyrirferðamikil. Í ljósi þess er sú umfangs aukning á starfseminni sem stytur hvíldartími á milli eldislota getur valdið, óverulegur að mati Skipulagsstofnunar.

Í Skutulsfirði utanverðum er svæði nr. 318 á náttúruminjaskrá. Þar sem finna má sérkennilega klettaströnd, lífauðuga fjöru og mikið fuglalíf. Í ljósi þess að Skutulsfjörður er lítill fjörður þar sem þegar fer fram fiskeldi auk þess sem þar er höfn og mikil umferð skipa telur Skipulagsstofnun að áhrif á landslag verði takmörkuð sem og á verndarsvæði í Skutulsfirði.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. apríl 2023.

Reykjavík, 27. febrúar 2023.

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson